

Ed.

199. Frumvarp

til laga um tvo vigslubiskupa á Íslandi.

(Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.).

Auk aðalbiskups skulu tveir vera officiales á landi hér og nefnast þeir vigslubiskupar. Skal annar þeirra vera í Skálholtsbiskupsdæmi hinu forna, en hinn í Hólabiskupsdæmi hinu forna. Konungur skipar vigslubiskupa eftir tillögu prestastéttarinnar í hvoru biskupsdæmi. Skulu þeir hafa biskupsvigslu, og vigir annar þeirra biskup þann, er nú næst kemur, ef svo stendur á, að fráfarandi biskup getur af einhverjum ástæðum ekki gert það. Nú verður ágreiningur um það hvor vigslubiskupa skuli biskup vigja, og skal þá framar ganga vigslubiskup Skálholtsbiskupsdæmis. Vigslubiskupar vigja og presta í forföllum biskups, hvor í sínu umdæmi. Til vigslukostnaðar, þegar þeir vigjast, skulu þeim hvorum fyrir sig greiðast 500 kr. úr landssjóði Íslands. Að öðru leyti hafa þeir engin föst laun, en borga skal þeim úr landssjóði eftir reikningi fyrir embættisverk þau, er þeir inna af höndum í forföllum biskups.